



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 23. apríl 2024, fundur hófst kl 20:00.

**Staður:** Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Lárus Sindri Lárusson, Haraldur Pétursson.

Hermann Vilmundarson, Sigurbjörn Eiríksson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

### 1. Firmakeppni Sprettis og landsmótsleikar

Skráning milli 11-12 í anddyri Samskipahallarinnar og mótið hefst klukkan 13. Böddi er búinn að safna styrkjum. Pollar og börn á hringvellingum, aðrir á beinni braut. Það sem eftir er að gera er að finna dómara, safna farandbikurum, þulur. Tala við Bjössa um að renna fyrir völlinn. Búa til skráningarblöð. Fjarlægja burt „gervigrasið“, helst alla leið upp á efra svæðið. Davíð heyrir í Lilju hvort búíð sé að kalla í rafvirkja.

### 2. Fjármál félagsins

Gjaldkeri kominn með aðgang að DK til að geta greitt reikninga og fer í að greiða það sem búíð er að samþykkja og fara yfir útistandandi mál og senda á framkvæmdastjóra til yfirferðar. Það þarf að búa til verklagsreglur í tengslum við bókhald og úttektir. Næsta skref er að setjast niður með væntanlegum bókara og fara yfir stöðuna og semja við viðkomandi. Rætt um reiðhallirnar, forgangsroðun. Mikilvægt að stjórn setji verklagsreglur um nýtingu á reiðhöllum félagsins.

### 3. Starfsmannasamtöl

Jónína og Sigurbjörn hitta starfsmenn og verktaka Sprettis í starfsmannasamtöl á föstudaginn.

### 4. Hreinsunardagur

Katla fundaði í gær með Lilju og nokkrum félagsmönnum um hreinsunardaginn og þar var ákveðið að hreinsunardagurinn verði haldinn síðasta vetrardag. Búin var til yfirlitsmynd af svæðinu þar sem kom fram hvar kerin verða staðsett, pokarúllur verða í körunum. Búíð að setja upp verkefni. Boðið verður upp á grillaðar pylsur í lok dags og gos.

### 5. Mál sem upp hafa komið á milli funda

Rætt um heimasíður fælgisins, þurfum að stefna að því að loka Sprettarar.is. Mögulega er best að búa til þriðju síðuna og loka hinum báðum.

Katla og Lilja voru á fundi með LH um miðbæjarreið sem haldin verður þriðjudaginn 28 maí. Sprettur þarf að skaffa ca 15 – 20 hesta. Viðburðurinn tekur um 2 tíma og mikilvægt að Sprettur verður vel sýnilegur v./Landsmóts.

Fundi slitið kl. 21:40.

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson